

Stjórnarfundur í Eyjafjarðardeild þriðjudaginn 3. maí 2022 kl. 17.00 í Viðjulundi.

Fundinn sátu Gunnar Frímannsson formaður, Jón Baldvin Hannesson ritari, Kristín Björk Gunnarsdóttir gjaldkeri, Gísli Kort Kristófersson, Konráð K. Baldvinsson, Kristjana V. Valgeirsdóttir, og varamennirnir Fjóla Stefánsdóttir, Kári Fannar Lárusson og Þorsteinn K. Björnsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg E. Halldórsdóttir deildarstjóri.

Fundarefni:

1. Sjálfbóðaliðaverkefni  
Sigurbjörg Birgisdóttir, sérfræðingur í sjálfbóðaliðastjórnun, ræddi um nýjungar á vef landsskrifstofu, skjalakerfið Salesforce og Mínar síður. Fór einnig yfir sjálfbóðavinnu ungmenna frá Evrópu, í gegnum European Solidarity Corps.
2. Margrét Lútersdóttir, teymisstjóri gæðamála hjá RKÍ.  
Kynnti gæðaviðmið og ferla sem verða tilbúnir í haust. Umræða varð m.a. um geymslu og aðgengi skjala frá stjórnnum deilda en fundargerðir, ársreikningar ofl. er ekki aðgengilegt á vefnum eins og er. Kynnti matrixu til að meta hvert verkefni sem deildir vinna að.
3. Aðalfundur Rauða krossins 21. maí 2022  
Jón Brynjar Birgisson, sviðsstjóri innanlandssviðs landsskrifstofu, kynnti tillögur stjórnar félagsins um breytta ráðstöfun kassatekna og framlaga frá Mannvinum sem verður fjallað um á aðalfundinum.